



# Foreldrafélag Hvaleyrarskóla

## Starfsárið 2015 - 2016

|   |   |                          |                               |
|---|---|--------------------------|-------------------------------|
| <b>Fundur:</b><br>7. fundur stjórnar  | <b>Staður:</b><br>Kennarastofa Hvaleyrarskóla | <b>Dags:</b><br>4. Apríl | <b>tími:</b><br>18:00 – 19:00 |
| <b>Mættir:</b> Guðrún Erla, Helga Guðlaug, Helga Veronica, Íris, Petrína<br><b>Forföll:</b> Sveindís, Friðrik, Ásbjörg                                  |   |                          |                               |
| <b>Dagskrá samkvæmt fundarboði:</b><br>1. Fyrirlestur Stjórnar Foreldraráðs Hafnarfjarðar<br>2. Vorhátíð<br>3. Fundargerðir á heimasíðu<br>4. Önnur mál |   |                          |                               |

### 1. Stjórn Foreldraráðs Grunnskólabarna

- Tilnefning til Hvatningaverðlauna. Engin tilnefning frá okkar skóla. Þarf að kynna þetta betur. Við getum gert þetta sýnilegra á næsta ári.
- Fyrirlestur sem verður haldinn um forvarnir. Búin að senda foreldrum póst en þyrfti að senda ítrekun á morgun. Biðja Kristin um að senda út. Fyrirlesturinn verður á morgun. Var líka kynnt á síðunni okkar.

### 2. Vorhátíð

- Þurfum að ræða við skólann. Ekki komin dagsetning. Þarf að ýta á það til að hefja undirbúning. Hvaða viðburð gætum við haft? Athuga með veltibílinn og hugsa um hvað við getum haft. Mögulega söngvara eða skemmtikraft. Andlitsmálningu sem krakkar í 9. og 10. bekk sjá um eða eitthvað slíkt. Sendum tillögur á milli okkar. Athuga þarf fjárhagsstöðu okkar.

### 4. Önnur mál

- Setja fundargerðir inn á heimasíðu skólans viku eftir fund ekki seinna? Þetta er að ganga betur eða hvað. Þarf að athuga með síðustu fundargerð.
- Foreldrarölt. Engar fréttir af því. Yngsta deild er núna að rölta og Ásbjörg á að vera að senda út áminningar. Þurfum að kanna hvernig gengur með það. Núna eru 1. og 2. bekkir eftir.
- Fyrirspurn eftir bekkjarkvöld hjá bekk í skólanum þar sem fram kom að foreldrar héldu að skólaliðar sæu um skipulagað leiki í frímínútunum. Börnin virðast ekki kannast við þetta, mögulega misskilningur þar sem vinaliðar eru krakkar úr bekkjunum en ekki skólaliðar. Þarf að kanna þetta og athuga hvernig þetta er skipulagt. Er fullorðinn á staðnum með umsjón með leikjunum? Er þetta starf sýnilegt.
- Fyrirspurn kom frá foreldri um félagsstarf fyrir 4. bekk þar sem ekkert er fyrir þau, hvorki starfsemi í Verinu og ekki í Holtaseli. Í raun er það ekki okkar að sinna þessu en þetta er sennilega eitthvað fyrir ÍTH að skoða. Til dæmis námskeið eða annað.
- Mönnun stjórnar foreldrafélagsins næsta skólaár. Vegna persónulegra ástæðna ætlar meirihluti núverandi stjórnar að hætta eftir þetta skólaár. Manna þarf nýja stjórn með nýju fólki. Mikilvægt að halda þessu góða starfi áfram og mikið er af góðu fólki í hópi foreldra skólans. Helga Veronika ætlar að upplýsa Kristin og Steinar um þetta á næsta fundi, einnig með vorhátíðina.
- Handbók, enginn viðstaddur veit hvernig staðan er með hana. Vantar upplýsingar frá Sveindísi.
- Helga G. er búin að gera verklýsingar fyrir næsta gjaldkera til að skila af sér.



## Foreldrafélag Hvaleyrarskóla

### Starfsárið 2015 - 2016

- Skólahlaup. Við ætlum ekki að kaupa verðlaunapeninga fyrir það í ár.
- Heilsueflandi skóli – fyrir hvað stendur það og hver eru viðmiðin. Virðist mjög misvísandi á milli bekkja. Ætlum að taka þetta upp á skólaráðsfundi og fá að vita hvað liggur á bak við þessa stefnu. Hverju er verið að fylgja eftir?

**Fundi slitið kl. 19.05**